

1925 nr. 30 27. júní**Lög um selaskot á Breiðafirði og uppdráp**

Tóku gildi 23. september 1925. Breytt með: L. 61/1932 (tóku gildi 1. jan. 1933; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 95. gr.). L. 116/1990 (tóku gildi 31. des. 1990).

■ 1. gr.

□ Öll selaskot skulu hér eftir bönnuð á Breiðafirði og fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga, fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfu mílu frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjarg-

tanga í Barðastrandarsýslu. . . .¹⁾

□ Í selalátrum á bannsvæðinu er engum öðrum en eigendum eða umráðamönnum látranna heimilt að rota seli eða drepa uppi.

¹⁾ L. 61/1932, 94. gr.

■ 2. gr.

□ [Brot gegn 1. gr. varðar sektum.

□ Skotvopn og veiðifang má gera upptækt, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.]¹⁾

¹⁾ L. 116/1990, 15. gr.